

2020-2021

Ársskýrsla Sunnuhvols



Bæjarsjóður Garðabæjar
Skýrsla leikskólastjóra
2020-2021

Efnisyfirlit

Úrdráttur.....	3
Inngangur.....	4
Leikskólinn Sunnuhvoll	4
Stefna Sunnuhvols	4
Innra starf skólans.....	5
Mat á innra starfi skólans út frá starfsáætlun	5
Námsþættir og leikskólastarfið.....	5
Matsþættir út frá matsáætlun.....	8
Nýbreytni og Þróunarverkefni.....	10
Tökum skrefin saman	10
Mannauður leikskólans	10
Starfsmannakönnun	11
Starfspróun.....	11
Barnahópurinn	12
Foreldrasamstarf	13
Fyrsta viðtal.....	13
Foreldrakynning.....	13
Foreldrasamtöl	13
Upplýsingar til foreldra.....	13
Viðhorfskönnun foreldra	13
Viðburðir.....	14
Stoðþjónusta.....	14
Sérkennsla	14
Öryggismál	14
Húsnæði og viðhald.....	15
Lokaorð.....	15

Úrdráttur

Leikskólinn Sunnhvöll hóf starfsemi sína í þessu húsi 6. janúar 1978 fyrir börn á aldrinum 2-6 ára. Haustið 2013 var leikskólanum breytt í ungbarnaskóla og hefur starfað sem slíkur síðan. Á hverju hausti hefja hér 27 ný börn skólagöngu sína og dvelja hér í eitt skólaár eða þangað til þau byrja í næsta leikskóla. Gildi skólans eru **Fagmennska, umhyggja og gleði** og markmiðið er að þau skíni í gegn í öllum þáttum skólastarfsins. Áherslurnar eru **hreyfing, næring og vellíðan** og náum við þeim fram með fagmennsku, umhyggju og gleði.☺ Á þessum árum sem leikskólinn hefur starfað sem ungbarnaskóli hefur orðið til mikil þekking og reynsla innan skólans á námi og kennslu yngstu barna í leikskóla. Skólastarfið er í sífelldri endurskoðun og eru kennarar duglegir að finna nýjar leiðir og gera endurbætur á starfinu ef þurfa þykir. Formlegt mat samkvæmt matsáætlun skólans varð minna en til stóð vegna Covid 19.

Þróunarverkefnið okkar **Tökum skrefin saman** var í gangi þriðja veturinn í röð. Verkefnið gekk nokkuð vel og lýkur því á þessu ári. Haldnir voru fjarfundir á skype til að viðhalda verkefninu, en fyrirhugaðar heimsóknir milli leikskóla og heimsóknir frá ráðgjöfum voru ekki heimilar. Það seinkar vinnu við verkefnið og reiknum við með að klára það um áramót. Vinaverkefni Barnaheilla er orðinn fastur hluti af starfinu og er fléttað inn í önnur verkefni, s.s. hópastarf. Í leikskólanum störfuðu 16 starfsmenn sem skiptu á milli sín 11.90 stöðugildum. Leikskólinn býr yfir miklum mannauði í formi fagfólks. Það sem einkenndi starfsþróun starfsfólks þetta skólaárið var Þróunarverkefnið, ráðgjöf og fyrirlestrar frá leiðbeinendum verkefnisins nýttist vel. Starfsfólk skólans sótti einnig styttri námskeið og fyrirlestra yfir veturinn. Við fengum Dr. Helgu Rut Guðmundsdóttur til okkar með námskeið um tónlist og tengsl við máltöku ungra barna. Námskeiðið var í tveim hlutum en við gátum einungis fengið hana í fyrri hlutann vegna Covid 19. Við munum sæta færís í haust til að fá hana í seinni hlutann.

Viðburðir skólans voru fáir og allir án foreldra. Við héldum jólaball, gerðum okkur glaðan dag á öskudaginn auk minni viðburða eins og lita- og bangsdaga. Viðburðir þar sem höfum við boðið foreldrum og afhent námsmöppur barnanna, opið hús og sumarhátíð voru ekki haldnir. Við vildum samt gera daginn sem við afhentum námsmöppurnar hátíðlegan, höfðum opið á milli deilda sem við höfum ekki gert þennan veturinn, vorum með hoppukastala inni og auk hljóla og annars skemmtilegs efniviðs. Við borðuðum síðan pizzu í hádeginu.

Engin alvarleg slys urðu á börnum áttu sér þetta skólaárið, en gerð var ein slysaskráning þar sem barn datt niður af dýnu í hreyfistund og þurfti að fara á Heilsugæslu til frekari skoðunar. Önnur slysaskráning var gerð þegar barn skall aftur fyrir sig af stól. Hvorugt barnanna meiddist alvarlega en við vildum láta kíkja á þau til öryggis. Fleiri minniháttar skráningar voru gerðar eins og vegna bita á börnum, skrámur vegna þess að börnin voru að hrasa og annarra minniháttar atvika.

Inngangur

Leikskólinn starfar eftir lögum og reglum er um leikskóli gilda. Einkunnarorð skólans eru: fagmennska, umhyggja og gleði með áherslu á hreyfingu, næringu og vellíðan, þetta á að endurspeglar allt starf sem fram fer í leikskólanum. Hér á eftir verður farið yfir alla þætti í starfsemi skólans veturinn 2020-2021 í máli og myndum.

Leikskólinn Sunnuhvoll

Sunnuhvoll er ungbarnaleikskóli og hefur verið starfandi sem slíkur frá haustinu 2013. Sunnuhvoll hefur þá sérstöðu að vera eingöngu fyrir árgömul börn sem koma inn að hausti, dvelja í eitt skólaár og fara síðan í aðra leikskóla. Leikskólinn og öll aðstaða er sérsniðinn að þeirra þörfum. Í leikskólanum eru 27 rými. Leikskólinn hefur farið í gegnum tvö þróunarverkefni í hreyfingu yngstu barnanna og er núna þáttakandi í þriðja verkefninu. Það er langtíma starfendarrannsókn í samstarfi við tvo aðra leikskóla, auk ráðgjafa frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Í þessu verkefni er verið að skoða yngsu börnin, samskipti þeirra í leik og starfi auk þess það leikefni sem þeim stendur til boða. Á þessum árum sem Leikskólinn hefur verið ungbarnaleikskóli hefur orðið til mikil þekking á námi, kennslu og þörfum yngstu barnanna í leikskóla. Skólinn býr yfir mannauði með mikla reynslu á þessu sviði.

Stefna Sunnuhvols

Gildi skólans eru: fagmennska, umhyggja og gleði og eiga þau að endurspeglar allt starf leikskólans. Við gerð stefnu leikskólans var ákveðið að leggja áherslu á hreyfingu, næringu og vellíðan og gera það af fagmennsku, umhyggju og gleði.

Hlutverk stefnunnar er að annast uppeldi og menntun leikskólabarna, fræða þau í gegnum nám og leik, veita þeim umhyggju og öryggi til að skapa vellíðan og traust.

Markmið stefnunnar er að:

- Að búa barni lærdómsríkt og örvandi náms og uppeldisumhverfi, sem eflir alhliða þroska þess.
- Að efla og auka hreyfiþroska barns og stuðla að gleði og vellíðan.
- Að efla sjálfstæði og lífsgleði einstaklingsins og stuðla að því að hver og einn fái að njóta sín á eigin forsendum.
- Að efla þekkingu barns á umhverfinu og kenna því að umgangast það.
- Að stuðla að góðri samvinnu milli foreldra og kennara um uppeldi og menntun barna þeirra.

Leiðir að markmiðum

- Að leggja áherslu á að börnin nærast vel og fái hollan og næringaríkan mat.
- Að leggja áherslu á að jarn fái næga hvíld.
- Að ástunda reglulega hreyfingu fyrir bæði börn og kennara.

- Að barn fái tækifæri til að komast í snertingu við náttúruna, læri að virða hana, njóta hennar og fái tækifæri til sjálfsprottinna leikja í margbrotnu umhverfi.
- Að stuðla að því að barn læri að njóta og starfa í hóp, að leysa deilur á farsælan hátt og koma fram við aðra sem jafningja.
- Að auka orðaforða og efla málskilning barns. Vera góðar fyrirmyndir með því að nota vandað mál.
- Að barn fái tækifæri til að sína tilfinningar sínar, tjá hugsanir og langanir sínar og bera virðingu fyrir öðrum, hlusti á aðra og að hlustað sé á barnið.

Innra starf skólans

Mat á innra starfi skólans út frá starfsáætlun

Helstu áherslur í starfi leikskólans skólaárið 2020-2021 var þróunarverkefnið okkar **Tökum skrefin saman**, þar sem leikurinn og leikefni barnanna var í hávegum haft, ásamt hreyfingu, næringu og vellíðan sem er rauði þráðurinn í starfi leikskólans. Unnið var með tónlist, myndlist og aðra sköpun í daglegu starfi. Lögð var áhersla á efla málproska og læsi barnanna skv. Læsisstefnu Sunnuhvols. Skólinn hélt áfram að vinna með tákni með tali og vinaverkefni Barnaheilla/Blæ sem er samþætt inn í daglega starfið.

Námspættir og leikskólastarfið.

Hreyfing, næring og vellíðan eru lykilþættir á Sunnuhvoli. Til að stuðla að þessu leggjum við áherslu á skipulagða hreyfingu, jóga, útiveru, hollt mataræði, svefn og hreinlæti.

Hreyfing

Börnin fóru í skipulagða hreyfingu í hverri viku. Fyrirkomulagið á henni var tvennskona. Annars vegar var þrautabraut, þar sem börnin klifruðu, hoppuðu og reyndu á sig sjálf, ásamt því að kennarar tóku börnin í flugvél, létu þau hanga á rá eða jafnvel á hvolfi. Börnin lærðu að fara í kollhnís, hoppa og “standa” á höndum, allt til að styrkja líkamann og auka hreyfifærni þeirra. Hins vegar var leikið með baunapoka, bolta, fallhlíf og blöðrur. Þessir tímar voru allt öðruvísi, en ekki síður skemmtilegir. Stundum var frjálst í leikfimiherberginu þá máttu börni ráða hvort þau færu í leikfimi, hvað þau gerðu og hvað lengi, þessi tími var hugsaður út frá þróunarverkefninu okkar með það að markmiði að leyfa þeim að velja og var þá hægt að fylgjast með því og skoða hvað myndi vekja athygli og áhuga þeirra.



Jóga

Á hverju ári eftir áramót erum við með jógakennslu og fáum til okkar jógakennara sem foreldrafélagið greiðir fyrir. Í byrjun mars kom hún Guðbjörg Arnarsdóttir jógakennari til okkar og þetta árið náði hún að kenna sex tíma af tólf sem voru fyrirhugaðir. Annað árið í röð setti covid strik í reikninginn okkur til mikilla vonbrigða. Við erum þó farnar að innleiða hluta af jóganum inn í daglegt starf eins og hreyfingu, myndlistinni og svo að kveikja lítið ljós í samverustundunum fyrir hádegið.

Útivera

Útivera er stór þáttur í leikskólastarfinu. Flestum börnum finnst mjög skemmtilegt að leika úti fer þó oft eftir veðri. Í útiveru læra börnin að ganga í ójöfnu undirlagi, ganga upp og niður brekku



og tröppur, róla, renna, moka og sum læra að hjóla. Það er gaman og gott að hafa svona fallegan garð í fallegu umhverfi til að leika, læra og upplifa nýja hluti í. Eðlilega þar sem ung börn eru í leikskólanum er minna um útiveru yfir háveturinn des-mars þar sem þá er kalt, dimmt og mikið um kvef og aðra kvilla hjá börnunum. Útivera er því meiri á haustin og vorin.

Hópastarf

Hópastarf er að öllu jöfnu 1-2 í viku, þá er unnið í litlum hópum til að hver og einn geti notið sín. Allir hópatíma hafa eins upphaf og endi með því er verið að búa til festu og ramma utan um stundina. Í hópatímum er verið að vinna með fínhyfingar, skynjun og rökhugsun og að sjáflsögðu fer allt nám í gegnum leik s.s. púsla, perla, leira, sula í vatni eða grjónum, teikna og mála svo eitthvað sé nefnt.

Samverustundir

Samverustund var á hverjum degi fyrir hádegismat þar sem lesin var saga, sungið, spilað á hljóðfæri og farið í ýmsa málörvunar leiki. Við þetta jókst orðaforði, athygli, einbeiting og þolinmæði barnanna mjög hratt. Að læra í gegnum leik og gleði skilar mestum og bestum árangri. Einnig var lögð áhersla á framsögn í þessum stundum með því að á hverjum degi fékk eitt barn að vera umsjónarmaður. Umsjónarmaðurinn býður góðan dag, segir hver kom með sig í leikskólann og hvernig. Umsjónarmaðurinn



nær í matinn og útdeilir smeknum og diskum til hinna barnanna. Þetta voru skemmtilegar og notalegar stundir, fyrst í vetur var úthaldið rétt í nokkrar mínútur en nú í vor voru þau farin að halda athygli og njóta í allt að 20 mínútur og mörg hver farin að taka virkan þátt.

Málörvun

Við og við var gripið í spil með börnunum t.d. dýra, matar, litabingo og fleira sem örvar málið en þó helst í hópatímum. Bækur eru líka aðgengilegar yfir daginn fyrir börnin, ritmál sýnilegt t.d. stólar, borð og veggir. Tungumálið er tengt inn í allt daglegt starf og ótrúlega gaman að heyrja framfarirnar hjá börnunum á þessu ári sem þau dvelja hjá okkur.

Tákn með tali

Marvisst hefur verið unnið í því að innleiða Tákn með tali í öllu daglegu starfi með börnunum. Mesta áherslan var lögð á matartímana til að innleiða tákn og einnig voru samverustundirnar notaðar. Þetta nýtist börnunum til geta sýnt vilja sinn og gert sig betur skiljanleg. Tákn með tali hjálpar mörgum börnum með að tjá sig og einfaldar því daginn fyrir þau.



Daglegar venjur

Mikilvægt er að sinna daglegum venjum vel og nýta þær sem námsstundir með börnunum. Nauðsynlegt er að nærast og hvílast vel og að ástunda hreinlæti. Börnin læra að borð sjálf með skeið og drekka úr stútkönnu sem þróast svo yfir í það að borða með gaffli og drekka úr glasi. Öll börn leggja sig eftir matinn og passað er upp á að skapa gott umhverfi. Öll börn eiga sinn fasta stað í hvíldinni, koddar, teppi, þau fá strokur, nudd og spiluð er róleg tónlist. Hreinlæti skiptir miklu máli þegar kemur að daglegum venjum, börnin fá að spreyta sig á því að þvo sér um hendur fyrir og eftir mat. Upp úr áramótum byrja öll börn setjast á kopp eða klósett við bleiuskipti. Mörg hver eru farin að pissa og kúka í kopp eða klósett og er það markmið hjá okkur að reyna að venja elstu börnin af bleiu vegna umhverfisstjórnarmiða.

Vinaverkefni Barnaheilla

Blær var notaður í hópatímum og samverustundum þar sem börnin lærðu að vera góð við hann, hann var notaður til að kenna líkamshluta s.s. augu, eyru, munur nef og s.v.fr. ásamt því að börnin höfðu ótakmarkaðan aðgang að bangsanum til þess að leika með eða sér til huggunar. Blær er góður vinur og getur bjargað mörgu þegar ungir einstaklingar eiga í hlut.



Matsþættir út frá matsáætlun

Í matsáætluninni segir að meta eigi þrjá þætti í starfinu. Þeir þættir sem átti að meta voru: Samskipti barna/fullorðinna/starfsmanna sem endá átti með samskiptasáttmála, Tákni með tali og matur og matartímar. Til viðbótar þessum matsþáttum bættum við mati á Covid 19 og áhrifum þess á starfið okkar hér.

Matsaðferðir

Allt starfsfólk tók þátt í matinu og notast var við bæði spurningalista og rýnihópa.

Niðurstöður

Tákn með tali: Höfum við verið að innleiða sl. 3 ár. Þetta er komið í nokkuð fastar skorður og markvisst lögð inn 2 tákn á viku. Skv. mati er þetta sami hópurinn sem er duglegur að nota táknið og þá helst í tengslum við matartíma, samveru og söng en einnig í leik. Við verðum að vera duglegar að setja nýja starfsmenn inn í verkefnið til að viðhalda því.

Samskiptasáttmáli: Settur var saman hópur til að vinna að samskiptasáttmála og tók hann strax til starfa. Hópurinn skoðaði samstkiptasáttmála annarra leikskóla og lagði drög af því hvernig vinnunni hér yrði háttað. Hólfaskiptingar á milli deilda settu strik í reikninginn og þessi vinna var sett til hliðar í bili en verður tekin upp aftur næsta haust. Umræðan um þessa vinnu var þó góð og verður spennandi að klára hana næsta vetur.

Matartímar barnanna ætluðum við að skoða með tilliti til til lýðræðissjónarmiða og hollustu. Okkur langaði að skoða hvort börnin hefðu einhver áhrif á það sem þau borða, hvort maturinn sem kæmi á diskinn þeirra væri þannig fram settur að þau gætu valið af diskinum það sem þau borðuðu. Þetta var annað árið sem við settum þennan þátt sem matsþátt. Matsteymið setti saman rýnihóp sem í voru fulltrúar almennra starfsmanna auk hluta af matsteymi. Byrjað var að rýna í matseðil um haustið og haldinn var fundur með matráði, leikskólastjóra og deildarstjórum um hvernig við vildum sjá matseðil leikskólans. Það var ýmislegt sem við vildum sjá öðruvísi þó að margt væri gott.

Þrátt fyrir ítrekaða fundi með matráði og stjórnendum og síðar rýnihóp urðu engar breytingar á matseðli og ljóst að samvinna milli aðila myndi ekki ganga. Úr varð að matráði var sagt upp störfum og hætti hann í byrjun mars. Ákveðið var að kaupa skólamat allavega út þetta skólaár. Vinna rýnihópsins er til og komin góð undirstaða undir frekari vinnu. Þessi vinna undirstrikaði svo ekki verður um villst að eldhúsið er hjarta hússins og gríðarlega mikilvægt að þarna sé góð samvinna á milli aðila.



Nýbreytni og Þróunarverkefni

Tökum skrefin saman

Sunnuhvoll hélt áfram að taka skrefin saman með Hnoðraholti og Krakkakoti ásamt ráðgjöfum frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Verkefnið hefur í þrígang fengið styrk úr þróunarsjóði leikskóla til starfsins. Verkefnið ber heitið Tökum skrefin saman – yngstu börn leikskólans. Verkefnið miðar að því að draga saman þá þekkingu og kunnáttu sem er að finna innan þessara þriggja leikskóla á vinnu með allra yngstu leikskólabörnunum.

Innan Sunnuhvols var ákveðið að skoða leikefni barnanna. Veturinn 17/18 höfðu starfsmenn skólans tekið þátt í mati á leikefni leikskólans og því hafði umræðan um það verið ofarlega á baugi og þetta því talið vera rökrétt framhald. Starfsmenn litu á leikefnið frá ýmsum sjónarhornum, m.a. út frá þroska þeirra, aldri, kyni og áhuga. Starfsmenn veltu fyrir sér hvort að það væri tenging á milli viss leikefnis og þessara þátta. Einnig voru athuganir gerðar þar sem börnin voru sett í mismunandi aðstæðum og viðbrögð þeirra skrásett. Dæmi um slíkar aðstæður voru t.d. að raða leikefni upp öðruvísi en þau eru vön og sjá viðbrögðin eða fara með þau út og leyfa þeim að velja sér eitt leikfang til að leika með og skoða hversu lengi áhuga þeirra entist. Starfsmenn fengu bækur til að skrásetja skoðanir sínar og athugasemdir. Starfsmenn ræddu verkefnið sín á milli bæði á kaffistofunni sem og á fundum.

Þetta verkefni hefur svo sannarlega sannað gildi sitt og kom það berlega í ljós á starfsmannafundi í maí þar sem ráðgjafar komu á fund hingað á Sunnuhvol. Verkefnið hefur orðið til þess að starfsfólk ítrundar starf sitt öðruvísi og betur og við þorum að gera breytingar til prufu. Sumt gengur upp og annað ekki en markmiðið er alltaf að gera betur í starfi með börnunum. Við erum búnar að fara í gegnum dagskipulagið og skoða hvernig það styður við daglega starfið, við útbjuggum kósíhorn á báðum deildum með dýnum og púðum þar sem bornin geta sest niður og haft það kósí. Við tókum þau úr umferð hluta vetrar vegna covid 19 og sáum þá hversu góð viðbót þau voru við starfið. Það voru heilmiklar umræður um búnað s.s. borð og stóla og hvernig við getum sem best nýtt gólfpláss deildanna í leik fyrir börnin. Niðurstaðan er að skoða að bæta við felliborðum á deildarnar til að geta búið til meira leikrými. Í covid 19 keyptum við mjúkar körfur undir leikföng sem hjálpuðu okkur við að halda utan um þau leikföng sem voru í boði hverju sinni enda þurfti að sótthreinsa þau reglulega. Þessar körfur reyndust frábærar og mikill stuðningur við leik barnanna. Við erum allar sammála um að við horfum eftir öðrum hlutum í daglegu starfi vegna verkefnisins.

Mannauður leikskólans

Eins og fyrri ár var starfsmannavelta hér lítil. Einn kennari fór í fæðingarorlof og um leið kom önnur úr fæðingarorlofi. Covid 19 truflaði okkur aðeins varðandi veikindi, nokkrir starfsmenn

þurftu að fara í sóttkví vegna heimilismeðlima sem voru útsettir fyrir smiti en enginn fékk covid. Hólfunin gerði það einnig að verkum að erfiðara var að manna leikskólann þegar voru veikindi enda máttu starfsmenn lítið fara á milli deilda.

Hér fyrir neðan má sjá hvernig starfsmannahópurinn er samsettur í vetur

Leikskólastjóri Leikskólakennari	1	100%
Deildarstjóri/staðgengill leikskólastjóra Leikskólakennari	1	100%
Deildarstjóri Háskólamenntaður starfsmaður B	1	80%
Leikskólakennarar	7	515%
Háskólamenntaður starfsmaður B	2	100%
Sérkennslustjóri/leikskólakennari	1	80% (25+55)
Leiðbeinendur	2	195%
Matráður	1	100%
Alls stöðugildi í leikskólanum	16	12.70%

Starfsmannakönnun

Var ekki gerð þetta árið.

Starfspróun

Starfspróunin skólaárið 20/21 einkenndist að þróunarverkefninu Tökum skrefin saman og námskeiðum tengdu því. Ráðgjafar frá Háskóla Íslands funduðu reglulega með verkefnastjórum allra samstarfsleikskólanna um stöðu verkefnisins og leiðbeindu um framhaldið í gegnum skype. Enginn sameiginlegur fundur var með þátttökuleikskólnunum vegna covid og engar heimsóknir heldur eins og var búið að skipuleggja.

Við fengum Dr. Helgu Rut Guðmundsóttur til að hafa námskeið um tónlist með ungum börnum og tengslum hennar við málþroska barna.

Einn starfsmaður hélt áfram í Háskóla Íslands til að öðlast leyfisbréf leikskólakennara, einn starfsmaður fór á námskeið hjá vinnueftirlitinu fyrir öryggistrúnaðarmenn og leikskólastjóri fór á námskeið til að takast á við erfið starfsmannamál. Í tengslum við þróunarverkefnið hefur starfsfólk einnig verið duglegt að lesa og kynna sér nýjungar í tengslum við þroska og leik yngstu barnanna.


Barnahópurinn

Á hverju hausti byrja hér 27 hress og kát börn sem dvelja hjá okkur eitt skólaár eða þangað til að þau fá pláss í öðrum skólum bæjarins. Leikskólinn er tveggja deilda og eru 15 börn á annari deildinni og 12 á hinn. Þetta skólaár byrjuðu 13 börn í ágúst, 1 barn í september, 11 börn komu í október og og svo loks tvö í nóvember.


Aðlögun á svona ungum börnum er alltaf erfið, en við reynum að gera þetta bærilegt fyrir bæði börn og starfsfólk. Það er alltaf truflun fyrir þau börn sem eru byrjuð þegar koma inn ný börn en við erum búnar að átta okkur á því að skipulagt starf eins og hópastarf getur ekki byrjað fyrr en um áramót þegar aðlögun er að teygjast svona fram á haustið.

Skiptingin milli stúlkna og drengja þetta skólaár var 13 stúlkur og 14 drengir.

Skipting milli stúlkna og drengja á Sunnuhvoli



Skipting stúlkna og drengja eftir deildum



Flest börn dvelja hér 8 klst. á dag eða 14 börn og níu börn eru á bilinu 8.25 – 8.50. klst. Fjögur börn eru 7 klst. en ekkert barn er skráð í færri stundir en það.

Foreldrasamstarf

Fyrsta viðtal

Foreldra koma í fyrsta viðtal í leikskólann að vori áður en barnið mun hefja leikskólagöngu sína. Deildarstjórar taka öll viðtölin saman og kynna leikskólann, áherslur, námsþætti og fl. sem við kemur starfinu. Farið er yfir hagnýt atriði s.s. hvernig upplýsingum er komið til foreldra, reglur um lyfjagjöf í leikskóla, persónuverndarlögin, dvalasamningur undirritaður og fl.

Foreldrakynning

Foreldrakynning fyrir alla foreldra er að öllu jöfnu í október þar sem farið er yfir vetrarstarf skólans og foreldrum gefin kostur á að spyrja spurninga og ræða málin sín á milli. Kosið er í foreldraráð á þessum fundi. Fundurinn var ekki haldinn þetta árið vegna Covid en foreldrar fengu sent kynningarefnið og óskar var eftir sjálfboðaliðum í foreldraráð í gegnum tölvupóst. Við fengum góð viðbrögð við þeim pósti og fjórir foreldrar buðu sig fram.

Foreldrasamtöl

Foreldrar voru boðaðir í viðtal í mars. Þá gafst leikskólakennurum gott tækifæri til að ræða um barnið, þroska þess og framfarir og hvernig því líður í leikskólanum. Í þessum viðtölum eru foreldrar minntir á að sækja um næsta leikskóla. Við buðum foreldrum að koma í leikskólann í þessi viðtöl en viðhöfðum allar sóttvarnir s.s. grímu og tveggja metra fjarlægð.

Upplýsingar til foreldra

Nauðsynlegt er að upplýsa foreldra um starfið, hvað drífur á daga barnanna og hvernig gengur. Sunnuhvoll notar til þess upplýsingarforritið Karellen, heimasíðu skólans, deildarstjórar senda mánaðarlega fréttabréf í tölvupósti til upplýsingar um það sem hefur verið gert og hvað sé framundan, einnig eru upplýsingar skrifaðar daglega á töflu í fataherberginu.

Allir þessi þættirnir eru mjög mikilvægir í upplýsinga gjöf til foreldra þar sem börnin í skólanum eru það ung og þau fara ekki heim í lok leikskóladags og ræða um daginn. Starfsfólk skólans hefur tileinkað sér þessa þætti vel og náð að fylgja þeim vel eftir en auðvita má alltaf gera betur. Góð upplýsingagjöf til foreldra gerir alla glaða og auðveldar öll samskipti.

Viðhorfskönnun foreldra

Var framkvæmd í febrúar 2021. Spurningarnar voru áþekkar þeim sem hafa verið undanfarnar kannanir auk spurninga um Covid 19. Leikskólinn kom almennt mjög vel út og gaman að sjá hversu margir foreldrar svöruðu opnu spurningunum en oft hefur verið lítil svörun þar. Foreldrar voru mjög ánægðir með starfsfólkið, viðmótið og starfið með börnunum. Helst var fundið að húsnæði og aðkomu að leikskólanum en hún er afar slæm og hefur bærinn lítið sem ekkert gert til að bæta heimkeyrslu og bílaplan við leikskólann.

Einnig kom fram að foreldrum fannst erfitt að mega ekki koma inn í leikskólann og fannst þeim vanta þessi daglegu samskipti sem voru afar takmörkuð í upphafi og enda dags vegna Covid.

Viðburðir

Nokkrar hefðir eru fastir liðir í starfinu á Sunnuhvoli ár hvert:

- Börnin bjóða foreldrum sínum í kaffi og piparkökur fyrir jólin.
- Haldin eru litlu jól, með hátíðarmat og jólaballi
- Á bóndadaginn bjóða börnin feðrum sínum og öfum að koma í kaffi.
- Á konudaginn bjóða börnin mæðrum sínum og ömmum að koma í kaffi.
- Dagur leikskólans 6. febrúar er haldinn hátíðlegur ár hvert með misjöfnu sniði.
- Að vori er leiksólinn með opið hús fyrir foreldra, ömmur, afa og systkini. Þá eru myndverk barnna til sýnis, myndabandið rúllar og veitingar í boði.
- Einnig er foreldrafélagið með Sumarhátíð í leikskólanum fyrir börn, foreldra, starfsfólk og aðra sem áhuga hafa að koma og eiga góða stund með okkur. Þessi hátíð flokkast undir uppskeruhátíð. Foreldrafélagið sér um skipulagningu og býður upp á veitingar. Hátíðin fer fram utandyra og er sápujúlu fjör, krítar, blöðrur og hoppukastali í boði. Kennarar afhentu svo börnunum útskriftarmöppur. Í möppunni er ferill barnsins í mynd og máli.

Þetta árið féllu allir viðburðir með þátttöku foreldra niður. Við vorum með jólaball og gerðum okkur glaða daga í tengslum við aðra viðburði s.s eins og við afhendingu á námsmöppum. Myndbandið úr starfinu sem við höfum venjulega sýnt foreldrum á opnu húsi sýndum við í gegnum ZOOM.

Stoðþjónusta

Við hér á Sunnuhvoli njótum þjónustu frá Fræðslu- og menningarsviði Garðabæjar eins og aðrir skólar í Garðabæ. Fyrirhugaðir mánaðarlegir samráðsfundir með sérkennslufulltrúa voru afboðaðir en samskipti voru í gegnum tölvu og síma eftir þörfum.

Sérkennsla

Boðið var upp á málörvunarhópa fyrir börnin. Ekkert barn þurfti sérstaka sérkennslu. Við finnum hvað tákn með tali gagnast börnunum, sérstaklega þeim sem eiga erfitt með að gera sig skiljanleg í daglegu lífi.

Öryggismál

Engin stórvægileg slys voru á börnum þennan vetur, en þó nokkrar slysaskráningar af minniháttar meiðslum. Í flestum tilfellum var það að barn datt og fékk kúlu, eða sprungna vör og þess háttar. Eitt barn féll og meiddist á fæti og þurfti fara á heilsugæslu og annað barn datt aftur fyrir sig á stól og fór til skoðunar á Heilsugæslu. Meiðsli voru þó ekki alvarleg og börnin jöfnuðu sig fljótt. Starfsfólk var duglegt að skrá þótt smátt væri. Engin slys urðu á starfsfólki. Slökkviliðið kom og gerði úttekt á húsnæði og staðfesti að allir þættir væru í lagi. Mánaðarlegar skýrslur eru sendar vegna innra brunaeftirlits.

Garðurinn var genginn daglega en ekki var mikið um að eitthvað óæskilegt fyndist inn í garðinum sjálfum, meira var um að bílar stoppi fyrir utan girðingu og að utan girðingar finnist bjórdósir og ýmislegt annað. Við verðum þó í auknum mæli varar við að fólk sé að fara inn í garðinn eftir lokun.

Húsnæði og viðhald

Beiðni til eignarsjóðs um viðgerðir og framkvæmdir á Sunnuhvoli fyrir skólaárið 20/21.

Fyrir árið 2020 var enn og aftur óskað var eftir að farið yrði í að laga þak hússins og klára að setja þakrennur. Heimkeyrslan að húsinu og bílaplan er mjög lélegt og þarf að malbika, farið hefur verið í að holufylla en það er enganveginn nóg. Laga þarf steiptan pall við útidyr við starfsmannainngang. Við óskuðum eftir því að sandkassinn á lóðinni yrði lagaður og voru settar gúmmímottur í kringum hann. Einnig var borin viðarvörn á grindverkið í kringum garðinn. Innandyra var óskað eftir gólfhita á deildarnar.

Húsið er í ótrúlega góðu ástandi þrátt fyrir 40+ ár en ljóst er að það fer að koma tími á verulegt viðhald á því.

Lokaorð

Skólaárið byrjaði vel og börn og starfsfólk lagði af stað inn í veturinn bjartsýnt og fullt af starfsgleði. Við skipulögðum vetrarstarfið og vorum að vona að við værum að losna við covid. Það reyndist ekki alveg rétt og þessi vetur eins og veturinn á undan markaði starfið hjá okkur. Regluleg hólfaskipting og takmarkanir gerðu það að verkum að börn og starfsfólk fór nánast ekkert á milli deilda sem annars hluti af okkar starfi. Við söknum þess enda leikskólinn lítill og samheldinn. Við höldum í vonina að skólastarf næsta skólaárs verði með eðlilegum hætti.

Við vorum ánægðar með verkefnið okkar um yngstu börnin og okkur finnst það vera að skila miklu inn í starfið. Það hvetur okkur til að gera betur og ígrunda það sem við erum að gera og af hverju við gerum það- ekki bara gera hlutina af gömlum vana. Það hefur gefið okkur kraft og hugrekki til að breyta starfsháttum.

Breytingar urðu á rekstri eldhúsins og síðari hluta skólaársins fengum við skólamat. Við vorum að stórum hluta ánægðar með þá lausn þó að við söknum þess að hafa ekki matræð sem eldar á staðnum. Eldhúsið er hins vegar hjarta hússins og mikilvægt að það slái í takt við okkur hin. Við horfum fram á bjarta tíma með nýja nágranna og hlökkum til samstarfs við starfsfólks Mánahvols.

Guðrún Brynjólfsdóttir

Leikskólastjóri á Sunnuhvoli

